

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022, miðbæjarsvæði við Aðalgötu og svæði fyrir þjónustustofnanir í Tjarnarmýri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 frá 9. júlí 2002.

Breytingin felst í því að hluti íbúðarsvæðis við Aðalgötu breytist í miðsvæði (miðbæjarsvæði) og hluti Tjarnarmýri breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir þar sem gert verður ráð fyrir einni lóð fyrir leikskóla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Stykkishólms. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*